



Fundargerð 127. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 30. nóvember 2015 kl. 15:30 í húsakynnum ÍSOR, Orkugarði

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*), Claus Ballzus (*CB*), Magnús Þór Jónsson (*MPJ*), Steinunn Hauksdóttir (*SH*) og Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*)

Forföll: Egill Júlíusson (*EJ*)

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:30.

1. Síðastu fundargerðir

SNK lagði fram fundargerðir fyrir 2 síðustu stjórnarfundum og voru þær samþykktar.

2. Aðalfundur og vorkundur JHFÍ

Umræða fór fram um komandi aðalfund og vorkund JHFÍ. Ákveðið var að athuga með að halda fundina í nýju húsnæði Samorku, í Húsi atvinnulífsins Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Rætt var um dagsetningarnar 7. og 14. apríl, og að 7. apríl væri fyrsti kosturinn. Aðalfundur myndi vera frá 14:00-15:00 og vorkundur frá 15:00-17:00. *SNK* mun athuga með dagsetningarnar og stjórn ræða fundina áfram á næsta fundi sínum.

3. Iceland Geothermal Conference 2016

Umræða fór fram um Iceland Geothermal Conference 2016, sem haldinn verður í Hörpu dagana 26.-29. apríl 2015.

4. IGA kosningar – Board of Directors

Umræða fór fram um kosningar í stjórn IGA. IGA hefur óskað eftir tilnefningum frá JHFÍ en JHFÍ hefur ekki tilnefnt síðustu 2 kjörtímabil. Ákveðið var að tilnefna í ár. Það var einróma samþykkt að tilnefna í fyrsta lagi formann JHFÍ Kristínu Völu Matthíasdóttur og í öðru lagi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur Bjarna Bjarnason. *SNK* mun koma tilnefningunum á framfæri til IGA.

5. IGA Harmonized standard for reporting geothermal resources

IGA og United Nations Economic Commission for Europe (UNECE) skrifuðu í september 2014 undir viljayfirlýsingu um að þróa og viðhalda samhæfðan staðal um mat á jarðvarmaauðlindum. Í janúar 2015 skipaði IGA 12 manna vinnuhóp til að vinna að verkefninu, sem gaf út hvítbók um það í apríl síðastliðnum. Nú hefur hópurinn gefið út aðra hvítbók.

Stjórnin ákvað að senda út hvítbókina á valda aðila til yfirferðar, sem og á alla félagi í JHFÍ. Stjórnin mun svo fara aftur yfir málið á næsta fundi sínum.

6. COP 21 í Paris

Umræða fór fram um COP 21 fundinn í Paris. Fram kom að *KVM* & *HT* verða með innlegg þar þriðjudaginn 8. desember kl. 10:45. *SNK* mun setja frétt á heimasíðu JHFÍ um innlegg stjórnarmeðlima JHFÍ á fundinum.

7. Nýjir félagar

Eftirfarandi umsóknir bárust um félagsaðild að JHFÍ:

- Lilja Tryggvadóttir, Mannvit
 - Marín Ósk Hafnadóttir, HS Orku
 - Sigrún Brá Sverrisdóttir, HR / HS Orku
 - Sunna Björg Reynisdóttir, EFLU
-

Umsóknirnar voru allar samþykktar einróma og eru nýjir aðildarfélagar boðnir velkomnir.

Næsti fundur er á dagskrá mánudaginn 11. janúar kl. 15:00 í húsakynnum Samorku, Borgartúni 35.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð

